

## Greinargerð hafnarstjóra vegna ársreiknings Faxaflóahafna sf. 2016

### Inngangur

Afkoma Faxaflóahafna sf. árið 2016 var nokkru betri en gert var ráð fyrir í fjárhagsáætlun. Tekjur voru alls 149,1 mkr. umfram áætlun, eða 4,6% en rekstrarútgjöld voru 140,2 mkr. undir áætluðum útgjöldum, en þar vega lægri afskriftir þýngst eða 65,8 mkr. Auknar tekjur skiluðu sér aðallega vegna aukins innflutnings. Rekstrarhagnaður fyrir fjármagnsliði varð því meiri en áætlað hafði verið eða alls 704,4 mkr.

Þegar á heildina er litið var afkoma Faxaflóahafna sf. vel viðunandi og í aðalatriðum betri en sú fjárhagsáætlun sem lagt var upp með. Hér að neðan má sjá nokkrar kennitölur sem sýna að staða félagsins er góð og það í vel í stakk búið til að standa undir rekstri og fjárfestingum næstu ára:

Faxaflóahafnir	2012	2013	2014	2015	2016
Eiginfjárhlutfall	84,8%	86,4%	89,3%	90,3%	90,6%
Arðsemi eigin fjár	3,4%	5,4%	5,7%	8,2%	5,9%
Veltufjárhlutfall	1,79	2	3,34	4,65	3,57
Skuldsetningarhlutfall	12,7%	10,4%	8,1%	7,0%	6,1%
Uppgreiðslutími	2	1	1	1	1
Veltufé frá rekstri/rekstrartekjum	39,8%	46,6%	44,4%	43,6%	44,3%
Framlegð/rekstrartekjur	45,8%	47,2%	46,2%	43,6%	43,1%

### Rekstrartekjur

Rekstrartekjur Faxaflóahafna sf. árið 2016 voru 3.409,5 mkr. sem 7,6% hækkun reglulegra tekna á milli árána 2015 og 2016. Hækkunin á milli ára nemur 241,5 mkr. Þetta árið reyndust megingtekkjuliðir ársins yfir því sem áætlað var eða sem næst áætlun, nema aflagjöld, en samdráttur í lönduðum aflu og styrking krónunnar vegur þar þýngst. Hækkun vörugjalda er um 16,1% á milli ára og skýrist af auknum innflutningi og auknu magni varnings sem fer í hæsta gjaldflokk. Tekjuauki af vörugjöldum skilaði hlutfallslega samsvarandi hækkun tekna af siglingavernd. Þá voru eignatekjur umfram áætlun. Tekjur í samanburði við fjárhagsáætlun voru samkvæmt neðangreindri töflu:

Í þús kr.	Ársreikningur	Fjárhagsáætlun	Frávik	%
Vörugjöld	1.286.440	1.159.600	126.840	10,9%
Aflagjöld	228.072	250.000	( 21.928)	-8,8%
Skipagjöld	305.395	309.320	( 3.925)	-1,3%
Eignatekjur	828.437	813.345	15.092	1,9%
Hafnarþjónusta	452.465	462.935	( 10.470)	-2,3%
Siglingavernd	307.392	265.200	42.192	15,9%
Söluhagnaður o.fl.	1.341		1.341	100,0%
<b>Alls:</b>	<b>3.409.542</b>	<b>3.260.400</b>	<b>149.142</b>	<b>4,6%</b>

Þróun heildartekna og vörugjalda á síðustu árum hefur verið eftirfarandi sbr. neðangreinda töflu:

Í millj. kr.	2012	2013	2014	2015	2016
Heildartekjur	2.731,1	2.842,9	3.048,7	3.168,0	3.409,5
Vörugjöld	867,9	959,1	998,1	1.107,7	1.286,4

Þegar heildarrekstrartekjur eru skoðaðar eftir hafnarsvæðum má sjá að Sundahöfn er tekjuhæsta hafnarsvæðið, en þar er megingátt flutninga á vörum til og frá Íslandi.

<b>Skipting rekstrartekna 2016 (í þús kr.)</b>						
	Gamla höfnin	Grundartangi	Sundahöfn	Akranes	Önnur svæði	Alls
Vörugjöld	106.287	270.063	892.696	17.394		1.286.440
Aflagjöld	137.522		84.283	6.267		228.072
Skipagjöld	67.395	41.715	174.047	19.779	2.459	305.395
Eignatekjur	408.834	20.478	392.043	7.083		828.437
Hafnarþjónusta	134.159	43.095	220.233	21.270	33.708	452.465
Siglingavernd	11.428	68.728	223.046	4.055	136	307.392
<b>Alls</b>	<b>865.625</b>	<b>444.078</b>	<b>1.986.347</b>	<b>75.849</b>	<b>36.303</b>	<b>3.408.201</b>

<b>Skipting rekstratekna 2016</b>					
	Gamla höfnin	Grundartangi	Sundahöfn	Akranes	Önnur svæði
Vörugjöld	8,3%	21,0%	69,4%	1,4%	0,0%
Aflagjöld	60,3%	0,0%	37,0%	2,7%	0,0%
Skipagjöld	22,1%	13,7%	57,0%	6,5%	0,8%
Eignatekjur	49,4%	2,5%	47,3%	0,9%	0,0%
Hafnarþjónusta	29,7%	9,5%	48,7%	4,7%	7,4%
Siglingavernd	3,7%	22,4%	72,6%	1,3%	0,0%
<b>Alls</b>	<b>25,4%</b>	<b>13,0%</b>	<b>58,3%</b>	<b>2,2%</b>	<b>1,1%</b>

Eignatekjur eru hæstar í Gömlu höfninni og þar eru aflagjöld einnig hæst, enda meginhlutanum af bolfski sem berst til hafnarinnar landað þar. Vörugjöld í Gömlu höfninni eru fyrst og fremst vegna eldsneytisinnflutnings á Eyjargarði. Heildarrekstrartekjur Faxaflóahafna sf. verða að stærstum hluta til í Sundahöfn en tekjur af því svæði voru 58,3% árið 2016. Þá hefur nokkuð verið rætt um hlut skemmtiferðaskipa í tekjum Faxaflóahafna sf., en þær voru á árinu 2016 brúttó alls 262,5 mkr. eða sem nemur 7,7% heildartekna. Kostnaður á móti þeim tekjum er m.a. launakostnaður hafnarstarfsmanna, kostnaður við dráttarbáta og öryggisgæslu.

#### Rekstrarkostnaður

Rekstrargjöld Faxaflóahafna sf. árið 2016 voru 2.705,2 mkr. og hækka að krónutölu á milli ára um 156,5 mkr. eða um 6,1%. Rekstrargjöld voru hins vegar 140,2 mkr. lægri en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir eða sem nemur 4,9%.

Í þús kr.	Ársreikningur	Fjárhagsáætlun	Frávik	%
Hafnarvirki	504.891	497.207	7.684	1,5%
Eignagjöld	412.552	460.429	(47.877)	-10,4%
Hafnarþjónusta	453.437	459.629	( 6.192)	-1,3%
Skrifstofu & stjórn.k.	340.084	335.261	4.823	1,4%
Siglingavernd	229.988	262.856	( 32.868)	-12,5%
Afskriftir	764.238	830.000	( 65.762)	-7,9%
<b>Alls:</b>	<b>2.705.191</b>	<b>2.845.382</b>	<b>(140.191)</b>	<b>-4,9%</b>

Greinargerð hafnarstjóra vegna ársreiknings  
Faxaflóahafna sf. 2016.

Eignagjöld voru undir áætlun, en stærstu útgjaldaliðirnir eru þar sérgreind viðhaldsverkefni. Útgjöld vegna eigna voru nokkru undir áætlun, sem skýrist af frestun framkvæmda við utanhússviðgerðir á Hafnarhúsinu í Reykjavík. Rekstur hafnarþjónustu var í samræmi við fjárhagsáætlun. Skrifstofukostnaður var eilítið yfir áætlun, sem skýrist af uppgjöri vegna breytinga á launum stjórnar. Kostnaður við siglingavernd 32,9 mkr. undir áætlun. Skýring þess er að ekki kom til að fara þyrfti í ákveðin verkefni vegna hafnarverndar, en kröfur á þeim vettvangi fara sífellt vaxandi. Á árinu lágu fyrir kjarasamningar við stéttarfélag starfsmanna Faxaflóahafna sf. sem gilda til ársins 2019. Þróun launakostnaðar með launatengdum gjöldum frá árinu 2012 er eftirfarandi:

Í þús kr.	2012	2013	2014	2015	2016
Bækistöð	99.877	104.713	112.269	117.465	131.987
Húseignir	18.052	18.687	19.936	21.859	22.910
Grundart hliðvarsla				21.263	34.469
Hafnsaga	96.398	105.717	121.375	129.126	136.169
Hafnarþjónusta	245.917	261.011	275.117	299.555	322.029
Hafnarstjórn	15.689	16.371	16.673	17.950	36.694
Skrifstofa	149.714	156.839	166.428	178.040	191.259
<b>Samtals:</b>	<b>625.647</b>	<b>663.338</b>	<b>711.798</b>	<b>785.258</b>	<b>875.517</b>

Í ofangreindri töflu má sjá kostnað vegna hliðvörslu á Grundartanga, sem er hluti af hafnarverndarkostnaði, en Faxaflóahafnir sf. tóku yfir þá starfsemi á miðju ári 2015, en á árinu 2016 var um að ræða gjöld heils árs. Þá er nokkuð frávik í launum stjórnar en upplýsingar um breytingu á viðmiðun launa stjórnar hafði ekki skilað sér og því voru vangreidd laun frá þeim tíma gerð upp og gjaldfærð.

Í heildina var rekstur Faxaflóahafna sf. innan þess ramma sem settur var í fjárhagsáætlun ársins. Meginmarkmið viðhaldsframkvæmda náðust í meginatriðum bæði hvað varðar hafnarmannvirkin og eignir. Lægri færsla vegna afskrifta skýrist af hraðri afskrift vegna kostnaðar af lóðum, en lóðakostnaður er færður á verðlagi hvers árs á meðan lóðagjöld sem koma til frádráttar kostnaði hafa hækkað í samræmi við verðlag.

Áhersla hefur verið lögð á það á síðustu árum að halda umfangi stöðugilda óbreyttum. Sú breyting varð þó á að á miðju ári 2015 var slitið samningi um öryggisgæslu á Grundartanga og starfsmenn sem henni sinna ráðnir beint til Faxaflóahafna sf. Sú aðgerð tryggir betur en áður að ekki verði röskun á starfsemi hafnarinnar vegna vinnudeilna, en á miðju ári leit út fyrir að vinnudeilur myndu raska umferð um svæðið.

Fjöldi starfa hjá Faxaflóahöfnum sf. hefur verið eftirfarandi:

Störf	2013	2014	2015	2016
Hafnarþjónusta	32	32	32	31
Bækistöð	13	13	13	12
Tæknideild	3	3	3	3
Skrifstofa	12	13	12	13
Húseignir	2	2	2	2
Siglingavernd - Umhverfismál	1	1	5	5
<b>Alls</b>	<b>63</b>	<b>64</b>	<b>67</b>	<b>66</b>

## Greinargerð hafnarstjóra vegna ársreiknings Faxaflóahafna sf. 2016.

Að auki eru um 15 sumarstarfsmenn í Bækistöð og 4 starfsmenn eru í afleysingum í hafnarþjónustu yfir sumarmánuði. Heildarársverk eru metin 77.

### Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Fjármagnskostnaður Faxaflóahafna sf. var undir áætlun, eða um 31,8 mkr. Vaxtatekjur voru eilítið hærri en gert var ráð fyrir, en vaxtagjöld og verðbætur nokkru undir áætlun. Vaxtagjöld, verðbætur og gengismunur voru 29,3 mkr. undir áætlun vegna lágrar verðbólgu og lækkandi langtímalána Faxaflóahafna sf. Faxaflóahafnir sf. eru ekki með gengistryggð lán, en greiðsla lóðagjalda vegna fyrirhugaðra framkvæmda Silicor á Grundartanga er miðuð við USD og hafa gengissveiflur því áhrif á endurgjald í krónum, verði af því verkefni.

Sjóðstýring Faxaflóahafna sf. hefur miðast við áhættulausa geymslu fjármuna, þ.e. samningum við banka um vexti af inneignum og bindingu fjár til skemmri tíma.

Hagnaður fyrir fjármunaliði er sem fyrr segir 704,4 mkr. en að teknu tilliti til fjármunaliða er hagnaður ársins 742,8 mkr. Á árinu 2015 var rekstrarafgangur nokkru hærri, sem skýrist af óreglulegum liðum vegna sölu lands til Reykjavíkurborgar, en slíkir liðir eru ekki í ársreikningnum árið 2016.

### Efnahagsreikningur

Fastafjármunir voru í árslok 12,4 Ma.kr. Langtímakröfur hækka um 120,6 mkr. á milli ára vegna úthlutana lóða, en hluti lóðarverðs er greiddur með skuldabréfi. Veltufjármunir lækka á milli ára um 171,9 mkr. vegna lækkunar á handbæru fé en ráð var fyrir því gert í fjárhagsáætlun. Eignir voru í árslok samtals 14,4 Ma.kr. og aukast um 3,2% á milli ára.

Langtímaskuldir Faxaflóahafna sf. voru í árslok 794,9 mkr. og lækka um 86,7 mkr. Skammtímaskuldir hækka um 92,7 mkr. á milli ára og nema þær um áramót um 16% af heildartekjum, en á móti kemur að veltufjármunir til að mæta skammtímaskuldum eru um 2,0 Ma. kr. og því talsvert hærri en skammtímaskuldir. Skuldir alls voru í árslok 1.352,9 mkr. en voru í árslok 2015 alls 1,3 Ma.kr. Veltufjárhlutfall var 3,6.

### Sjóðstreymi

Veltufé fé frá rekstri var 1,5 Ma.kr. og nokkru herra en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir. Þar vegur þyngst jákvæð afkoma rekstrar. Að teknu tilliti til fjárfestingarhreyfinga og fjármögnunarhreyfinga lækkaði handbært fé um 306,7 mkr. og var í árslok 1,4 Ma.kr. Fjárfestingar voru undir áætlun, sem nam 170,2 mkr., innborgun vegna lóðasölu hærri sem nam 190,7 mkr. og greiddur arður til eigenda 137,0 mkr. hærri en áætlun gerði ráð fyrir. Vegna verkefna á árinu 2016 var gert ráð fyrir að staða handbærs fjár lækkaði, en lækkunin reyndist 381,8 mkr. minni en ráð var fyrir gert.

### Fjárfestingarhreyfingar

Eignfærð fjárfesting á árinu 2016 nam 1,9 Ma.kr. Skipting framkvæmdakostnaðar ársins 2016 eftir hafnarsvæðum er eftirfarandi í millj. kr.:

	m.kr.	%
<b>Gamla höfnin</b>	124,8	6,5%
<b>Sundahöfn</b>	1.515,6	78,3%
<b>Grundartangi</b>	224,5	11,6%
<b>Akranes</b>	17,1	0,9%
<b>Borgarnes</b>	8,7	0,4%
<b>Annað</b>	44,1	2,3%
<b>Alls:</b>	<b>1.934,8</b>	<b>100%</b>

Þegar fjárfestingar Faxaflóahafna sf. árin 2014 – 2016 eru skoðaðar lítur myndin svona út í millj. króna:

Í millj. kr.	2014	2015	2016
Gamla höfnin	221,2	127,9	124,8
Sundahöfn	283,0	397,9	1.515,6
Grundartangi	430,6	331,4	224,5
Akranes	49,2	32,6	17,1
Borgarnes	0,6	17,1	8,7
Annað	29,7	24,8	44,1
<b>Alls</b>	<b>1.014,3</b>	<b>931,7</b>	<b>1.934,8</b>
<b>Alls á verðlagi 2016</b>	<b>1.093,9</b>	<b>947,6</b>	<b>1.934,8</b>

Helstu verkefni voru eftirfarandi:

- ☼ **Í Gömlu höfninni í Reykjavík** var unnið að undirbúningi að endurnýjun 2. áfanga hafnarbakka á Norðurgarði, endurbótum á rafdreifikerfi Gömlu hafnarinnar og endurnýjun á efsta hluta Grandagarðs.
- ☼ **Í Sundahöfn** hófust framkvæmdir við gerð hafnarbakka utan Klepps. Keypt var inn stálþil til verkefnisins og niðurrekstur þess og bakkagerð boðin út. Áætluð verklok eru á árinu 2019. Þá var einnig unnið að lóðagerð, lagningu slitlaga m.a. á Vogabakka. Þá náðust samningar við Björgun ehf. um lóðaskil og felst kostnaður Faxaflóahafna sf. á árinu 2016 í kaupum á þremur fasteignum og lausu malarefni, sem nýtt verður til 25.000 m<sup>2</sup> landfyllingar, sem fyrsta áfanga þeirra landfyllinga sem ráðgerðar eru í Elliðavogi á næstu árum.
- ☼ **Á Grundartanga** var unnið að lokaframkvæmdum við frágang á lengingu Tangabakka. Hafnar voru framkvæmdir við hækkun og endurnýjun á kantbita 2. áf. bakkans, en því verkefni lýkur á árinu 2017. Samhliða frágangi kantbita er yfirborð bakka endurnýjað. Gengið var frá nýrri lóð fyrir Eimskip en það verkefni er úthlutun á þremur nýjum lóðum á árunum 2016, 2017 og 2018. Ráðgert var að fara í framkvæmdir við vegagerð vegna lóðar Silicor, en framkvæmdir bíða endanlegrar fjármögnunar verkefnisins og fleiri atriða.
- ☼ **Á Akranesi** var farið í endurbætur á Aðalhafnargarði, endurnýjaðir pollar og rafdreifikerfi bakkans bætt.
- ☼ **Í Borgarnesi** voru settar niður tvær flotbryggjur.

### Niðurlag

Rekstur Faxaflóahafna sf. var vel viðunandi á árinu 2016. Tekjur voru umfram áætlun, rekstrargjöld innan áætlunar og úthlutun lóða skilaði hærrí tekjum en ráðgert var. Fjárhagsstaða fyrirtækisins hefur því styrkst á árinu. Hafa verður þó í huga að efnahagur fyrirtækisins hefur sín takmörk og stór verkefni standa yfir og eru framundan á hafnarsvæðunum og því mun reyna á fjárhagslegan styrk. Áhyggjuefni er að í Reykjavík hefur nánast öllum lóðum verið úthlutað, en það verkefni er hafið að skipuleggja baksvæði hafnar utan Klepps, en það verður þó ekki tilbúið til afnota fyrr en framkvæmdum við nýjan Kleppsbakka er lokið árið 2019. Miklu skiptir fyrir líftíma Sundahafnar næstu áratugi að vel takist til með ráðstöfun lands þar og þær aðgerðir sem nýti land betur til lengri tíma. Í Gömlu höfninni er hafinn undirbúningur að bættri aðstöðu fyrir hafsækna ferðapjónustu og á Grundartanga eru viðvarandi verkefni til að styrkja aðstöðuna þar þannig að hún geti tekið á móti aukinni atvinnustarfsemi, sem hafi lágmarks umhverfisáhrif. Eitt meginverkefni Faxaflóahafna sf. næstu ár verður að vinna að endurnýjun rafdreifikerfa í því skyni að draga úr útblæstri skipa í höfninni, en í því efni er einnig þörf átaks fyrirtækja. Taka verður þó fram að sjávarútvegsfyrirtækin í Gömlu höfninni hafa sýnt málinu góðan skilning með aðgerðum. Í þessum efnum verður einnig að kalla eftir aðkomu ríkisins ef vilji er til þess að landtengja þau stærstu skip sem koma til hafnar á svæðinu. Þrátt fyrir allt eru vöruflutningar með skipum hagkvæmur kostur ef litið er til umhverfismála, en vissulega má með breyttri notkun á eldsneyti og auknum landtenginum ná árangri í loftslagsmálum bæði hvað varðar losun á koltvísýringi og brennisteinsvetni. Með samstilltu átaki er leiðin til árangurs greið.

Það er viðvarandi verkefni að minna á mikilvægi hafnarstarfseminnar fyrir eigendur Faxaflóahafna sf. Starfsemin er plássfrek og áberandi í umhverfinu, en hún er jafnframt lífsnauðsyn eyjasamfélagi og uppspretta atvinnu og athafnalífs. Gott bakland hafna og greiðar samgöngur til og frá hafnarsvæðum eru lykilatriði og því mikilvægt að skipulag taki mið af starfseminni ef hún á að geta þróast um lengri framtíð. Við stofnun Faxaflóahafna sf. settu eigendur sér metnaðarfull markmið, sem almennt hafa gengið eftir, en ekki er síður mikilvægt að hugsa málin til lengri framtíðar og nýta styrk Faxaflóahafna sf. til þess að tryggja örugga og öflugra starfsemi hafnarsvæða fyrirtækisins.

Reykjavík, 3. mars 2017  
Gísli Gíslason, hafnarstjóri